

Nd.

448. Tillaga

til þingsályktunar um fækkun opinberra starfsmanna, launagreiðslur þeirra o. fl.

Frá Magnúsi Guðmundssyni og Pétri Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að fækka svo sem frekast er unnt starfsmönnum ríkis og ríkisstofnana.
2. Að fella niður svo sem frekast verður við komið greiðslu fyrir aukavinnu úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum.
3. Að færa laun opinberra starfsmanna, sem launalög ná ekki til, i samræmi við hliðstæða flokka launalaganna, eftir því, sem við verður komið, og eins fljótt og samningar leyfa.
4. Að leita samninga við Eimskipafélag Íslands um að taka að sér útgerðarstjórn skipa ríkisins og leggja niður Skipaútgerð ríkisins, ef viðunanlegir samningar nást.

Greinargerð.

Það er með öllu óþarft að benda á hinar erfiðu ástæður ríkissjóðs. Það er svo kunnugt mál, að ekki mun um það verða deilt. En af þessu leiðir, að gjöld ríkissjóðs verður að minnka svo sem frekast eru föng á. Nú er það og kunnugra en frá þurfi að segja, að á síðustu árum hefir aukizt mikið starfsmannahópur hins opinbera. Víst er og það, að í sumum tilfellum er ekki fylgt fyrirmælum um launaupphæðir. Einnig er það kunnugt, að ýmsir hinna opinberu starfsmanna, sem ekki taka laun eftir launalögum, eru hlutfallslega miklu hærra launaðir en þeir, sem laun taka eftir launalögum.

Allt þetta verður að lagfæra. Hér er um beint misrétti að ræða, og væri því sjálfsagt að lagfæra þetta, þótt ekki stæði svo á, að nauðsyn ríkissjóðs krefðist þess.

Að því, sem hér hefir lauslega verið bent á, lúta 3 fyrstu liðir tillögunnar.

Um 4. lið till. er rétt að minna á, að vitanlega verður útgerð hinna íslensku skipa því ódýrari hlutfallslega, sem fleiri eru undir sömu stjórn, ef um svipað starfssvið skipanna er að ræða. Það sýnist því auðsætt, að verulegur sparnaður verði að þeirri sameiningu, sem hér er ráðgerð, og sýnist það ekki þurfa frekari rökstuðnings.

Annars mun till. í heild verða rökstudd nánar í framsögu.